

## **Stjórn Reykjanesfólkvangs**

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

### **Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 24. okt. 2018.**

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

**Mættir:** Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Margrét Pálsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sat fundinn Óskar Sævarsson og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

#### **1. Umræður um stjórn Reykjanesfólkvangs**

Rætt almennt um starfsemi stjórnar og hvað var á döfinni hjá fyrri stjórn. Meðal annars stjórnunaráætlun, drög að samstarfssamningi, mögulegar breytingar á formennsku og umsýslu um stjórnina, landvörslu, framlög sveitarfélaganna til fólkvangsins ofl.

Vakin athygli á heimasíðu fólkvangsins sem er [www.reykjanesfolkvangur.is](http://www.reykjanesfolkvangur.is).

Samþykkt var að stefna að 4 fundum á ári auk skoðunarferðar í vor. Send verður tillaga að fundartímum.

Gögn sem tengjast ofangreindu verða send stjórnarmönnum.

#### **2. Reykjanes jarðvangur**

Rætt um mögulegt samstarf við Reykjanes jarðvang. Ákveðið að fá Eggert Sólberg verkefnisstjóra jarðvangsins á næsta fund stjórnar.

<http://www.reykjanesgeopark.is>

#### **3. Landvarsla**

Landvörður fór yfir helstu þætti í landvörslunni og gerði grein fyrir samstarfsaðilum. Ársskýrsla 2018 verður send út þegar hún er klár. Landvörður starfar 15. apríl til 1. nóvember samkvæmt samningi.

#### **4. Dagskrá næsta fundar**

Jarðvangurinn

Landvarsla

Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs

Úttekt á skiltum

Heimasíða

Tillaga að fundartíma 28. nóv, 6. feb, 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:30